

Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar Ársskýrsla 2022



Innviðaráðuneytið



Samgöngustofa



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

INNGANGUR	4
1. UMFERÐARÖRYGGISRÁÐ	4
2. SAMRÁÐSHÓPUR UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUNAR	4
3. FJÁRHAGSÁÆTLUN	5
4. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2022: VEGFARENDUR	6
4.1. SJÁLFVIRKT HRAÐAEFTIRLIT, MÆLISTAÐIR, EIGNAKAUP, VIÐHALD OG REKSTUR	6
4.2. ÚRVINNSLA GAGNA ÚR SJÁLFVIRKUM LÖGGÆSLUMYNDAVÉLUM	9
4.3. SÉRSTAKT EFTIRLIT LÖGREGLU MEÐ HRAÐAKSTRI	9
4.4. KYNNINGAR, FORVARNIR OG FRÆÐSLA FYRIR ALMENNING	9
<i>Þróun umferðarhraða</i>	11
<i>Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag</i>	12
4.5. FRÆÐSLA TIL BARNNA OG UNGMENNA	14
<i>Fræðsla í grunnskólum</i>	14
<i>Fræðsla í framhaldsskólum</i>	15
4.6. FRÆÐSLA TIL ERLENDRA ÖKUMANNA.....	16
4.7. SLYSASKRÁNING	17
4.8. STARFSMANNA- OG FRÆÐSLUKOSTNAÐUR	17
4.9. ÖNNUR VERKEFNI OG ÓFYRIRSÉÐ	17
<i>Umferðarþing</i>	17
<i>Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa</i>	18
<i>Vorfundur bifhjólafólks</i>	18
5. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2022: VEGAKERFI	19
5.1. EYÐING SVARTBLETTA, LAGFÆRINGAR Á UMHVERFI VEGA OG UPPSETNING VEGRIÐA	19
5.2. UNDIRGÖNG FYRIR BÚFÉ OG HVÍLDARSVÆÐI VIÐ ÞJÓÐVEGI	20
5.3. BÆTTAR MERKINGAR VIÐ EINBREIÐAR BRÝR	21
5.4. ÝMIS VERKEFNI OG ÓFYRIRSÉÐ	21
<i>Umsjón öryggisaðgerða á vegum</i>	21
<i>Umferðaröryggisúttekt á vegum</i>	21
6. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2021: STEFNUMÓTUN, RANNSÓKNIR OG LÖGGJÖF	22
6.1. KÖNNUN Á AKSTURSHEGÐUN	22
<i>Netkönnun um viðhorf og hegðun í umferðinni</i>	22
6.2. KÖNNUN Á FRÆÐSLUEFNI TIL ERLENDRA FERÐAMANNA	26
6.3. KÖNNUN Á HJÁLMANOTKUN Á STÍGUM	27
7. VERKEFNI ÁN SÉRSTAKRAR FJÁRVEITINGAR	27
7.1. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	27
VIÐAUKI I. LYKILSTÆRÐIR ÚR SLYSASKRÁ SAMGÖNGUSTOFU	29
VIÐAUKI II. EYÐING SVARTBLETTA, LAGFÆRINGAR Á UMHVERFI VEGA OG UPPSETNING VEGRIÐA	32

Inngangur

Umferðaröryggisáætlun byggir á markmiði um öruggar samgöngur sem sett er fram í samgönguáætlun á grundvelli laga nr. 33/2008. Þar er mótuð stefna til fimmtán ára og á grundvelli hennar aðgerðaáætlun til fimm ára. Nákvæmar útfærð aðgerðaáætlun með kostnaðaráætlun er svo mótuð fyrir eitt ár í senn. Árið 2022 var í gildi stefnumótandi samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 og verkefnaáætlun fyrir árin 2020-2024. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd og árangri aðgerða.

Í umferðaröryggisáætlun eru lagðar til aðgerðir og áherslur sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum. Á þeim 17 árum sem liðin eru frá því að umferðaröryggisáætlun var fyrst lögð fram hefur umferðin breyst og aukist mikið samhliða auknum vegabótum, tækniþróun og fjölgunar vegfarenda. Margar áherslur og aðgerðir í öryggisátt eru því nýjar svo sem snjalltækjanotkun, akstur erlendra ferðamanna, akstur undir áhrifum vímuefna og rafknúin örflæðisfarartæki svo sem rafhlaupahjól. Aðgerðir á framkvæmdaáætlun skiptast í eftirtalda flokka: Vegfarendur, vegakerfi, ökutæki og stefnumótun, rannsóknir og löggjöf.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2034 eru tvö;

- Að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferðinni á hverja 100.000 íbúa
- Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2034.

1. Umferðaröryggisráð

Sérstakt umferðaröryggisráð, sem ætlað er að vinna að framgangi umferðaröryggisáætlunar tók til starfa árið 2005. Árið 2022 sátu í umferðaröryggisráði Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innviðaráðuneytinu, og formaður ráðsins, Jón Gunnar Jónsson forstjóri Samgöngustofu, Bergþóra Þorkeldsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri.

2. Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar

Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar var skipaður 2005. Hlutverk hans er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun á grundvelli umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Árið 2022 var Ásta Þorleifsdóttir, sérfræðingur hjá innviðaráðuneytinu, formaður samráðshópsins. Aðrir fulltrúar hópsins voru Gunnar Geir Gunnarsson deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu, Guðbrandur Sigurðsson aðstoðaryfirlöggluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Auður Þóra Árnadóttir forstöðumaður umferðardeildar hjá Vegagerðinni, en Erlingur F. Jensson leysti Auði af í námsleyfi.

3. Fjárhagsáætlun

Í þessari fjárhagsáætlun er gerð grein fyrir ráðstöfun fjár til fræðslu og forvarna, sjálfvirka hraðaeftirlitsins og smærri umferðaröryggisverkefna í vegakerfi. Í skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar er gerð grein fyrir stærri umferðaröryggisverkefnum svo sem aðskilnaði akstursstefna.

Tafla 1. Áætlun um tekjur og gjöld.

Tekjur 2022	millj. kr.	Gjöld 2022	millj. kr.
Frá vegaáætlun	500,0	Vegfarendur	115,2
Úr rekstri Ríkislögreglustjóra	0,0	Vegakerfið	455,0
Frá Samgöngustofu	75,0	Ökutæki	0
		Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf	4,8
Til ráðstöfunar alls:	575,0	Samtals gjöld:	575,0

Tafla 2. Kostnaður við einstök verkefni

Heiti verkefnis		Áætlun millj. Kr	Rauntölur millj. kr
<i>Vegfarendur</i>			
4.1	Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur	30,0	28,9
4.2	Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum	15,0	15,0
4.3	Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri	0,0	0,0
4.4	Auglýsingar, kynningar og fræðsla fyrir almenning	33,5	37,8
4.5	Fræðsla til barna og ungmenna	11,0	5,4
4.6	Fræðsla til erlendra ökumanna	8,0	2,9
4.7	Slysaskráning	3,0	3,6
4.8	Starfsmanna- og fræðslukostnaður	10,0	10,0
4.9	Önnur verkefni og ófyrirséð	4,7	5,1
<i>Vegakerfi</i>			
5.1	Eyðing svartbletta, umhverfi vega og vegrið	425,0	459,8
5.2	Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi	10,0	8,4
5.3	Bættar merkingar við einbreiðar brýr	5,0	4,6
5.4	Ýmis verkefni og ófyrirséð	15,0	8,2
<i>Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf</i>			
6.1	Könnun á aksturshögðun	3,0	2,8
6.2	Könnun á fræðsluefni til erlendra ferðamanna	1,5	1,2
6.3	Könnun á hjálmanotkun á stígum	0,3	0,2
Kostnaður alls		575,0	594,0

4. Aðgerðir og verkefni á árinu 2022: Vegfarendur

Í þessum flokki eru verkefni sem miða að því að bæta og hvetja til æskilegrar hegðunar og viðhorfa hjá öikumönnum og öðrum vegfarendum. Um er að ræða eftirlit lögreglu, sjálfvirkt eftirlit sem og fræðslu- og forvarnaverkefni Samgöngustofu.

4.1. Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur

Mælistaðir fyrir sjálfvirkt punkthraðaeftirlit á þjóðvegum utan höfuðborgarsvæðisins voru 20 á árinu. Tveir mælistaðir voru á Hringvegi austan Selfoss, tveir í Hvalfjarðargöngum, þrír á Hringvegi í Hvalfjarðarsveit, einn á Hringvegi um Akureyri, einn í Fáskrúðsfjarðargöngum, einn á Sandgerðisvegi, fjórir í Bolungarvíkurgöngum og sex í Héðinsfjarðargöngum. Auk þess var sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit í báðar áttir á tveimur köflum, þ.e. á Grindavíkurvegi og í Norðfjarðargöngum.

Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit var í fyrsta sinn tekið í notkun hér á landi í nóvember 2021 en það felst í því að meðalhraði bifreiða á nokkurra kílómetra kafla er mældur.



Keyptar voru tvær uppfærðar hraðamyndavélar frá Noregi til notkunar á Þingvallavegi. Þær verða þó ekki settar upp fyrr en árið 2023.

Keyptir voru þrír nýir Axspeed200, sem er fylgibúnaður með hraðamyndavélum, og leysa þeir af hendi eldri búnað.

Meðalhraðaeftirlit í Dýrafjarðargöngum og í Hvalfjarðargöngum var undirbúið og var stærsti hluti kostnaðar greiddur af öðrum liðum en þó var hluti kostnaðar á síðarnefnda staðnum greiddur af fjármunum til umferðaröryggisáætlunar.


Vegagerðin sá sem fyrr um almennan rekstur myndavélanna og viðhald mælistaðanna. Hún sér um að senda búnaðinn erlendis í kvörðun með reglulegu millibili, eftir því sem við á, og er viðhaldi vélanna sinnt um leið. Kostnaður við kvörðun og viðhald hraðamyndavélar, sem keypt var í samstarfi við Reykjavíkurborg árið 2012, og færð er á milli kassa við gatnamót í Reykjavík, var einnig greiddur.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rekur að auki hraðamyndavél í bíl en kostnaður við rekstur þeirrar vélar er þó ekki greiddur af fjármunum til umferðaröryggisáætlunar.

Hraðakstursbrot eru skráð í málaskrá lögreglu hjá lögreglustjóranum á Vesturlandi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra, fyrir utan vélarnar sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu þar sem brotin eru skráð hjá embætti viðkomandi lögreglustjóra.

Skráð voru 35.061 brot árið 2022 sem er fækkun í skráðum brotum frá árinu á undan. Fjöldinn er svipaður meðaltalinu árin 2019-2020.


Fjöldi hraðakstursbrota með sjálfvirkum myndavélum



Mynd 1 Fjöldi hraðakstursbrota með stafrænum myndavélum ásamt fjölda myndavéla hvert ár.


Á mynd 2 sést dreifing brota á árunum 2020 til 2022 eftir mánuðum og sést að flest brot mældust í júní. Almennt var fjöldinn meiri yfir sumarmánuðina og fram á haustið heldur en aðra mánuði ársins.

Fjöldi hraðakstursbrota eftir mánuðum



Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar 2020-2022, greindur eftir mánuðum

Á mynd 3 sést fjöldi skráðra hraðakstursbrota, greindur eftir vettvangi. Fjöldi brota er breytilegur á milli ára og ræðst það að mestu leyti af virkni véla og umferðarpunga. Eins og fyrri ár voru flest brot skráð á vélarnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 12.010. Næstflest brot voru skráð á vélarnar á Suðurlandsvegi eða 9.487 og hefur mældum brotum fjölgað stöðugt síðustu ár. Umtalsverð fækkun er á skráðum brotum við Hvalfjarðargöng frá árunum á undan en í því sambandi þarf að hafa í huga að hluti búnaðar í göngunum úreltist rétt fyrir mitt ár. Unnið er að gangsetningu meðalhraðaefirlits í Hvalfjarðargöngum.



Mynd 3. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu árin 2020-2022, greindur eftir vettvangi

ÁÆTLUN	30.000.000,-
RAUN	28.902.363,-

4.2. Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum

Lögreglan fær fjármagn af viðhaldsfé Vegagerðarinnar til þess að sinna úrvinnslu gagna úr löggæslumyndavélum. Um er að ræða 15 milljónir króna en því til viðbótar leggur lögreglan á Vesturlandi til rúmlega 31 milljón króna. Alls kostar verkefnið því rúmlega 46 milljónir og er ljóst að tryggja þarf með skilvirkum hætti fjármagn til reksturs þessa verkefnis.

ÁÆTLUN	15.000.000,-
RAUN	15.000.000,-
VIÐBÓTARFJÁRMAGN FRÁ LÖGREGLU	31.393.333,-
HEILDARKOSTNAÐUR VERKEFNIS	46.393.333

4.3. Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri

Samkvæmt arðsemismati aðgerða árið 2005 er hraðaeftirlit og ölvunareftirlit lögreglunnar ein arðbærasta aðgerð til aukins umferðaröryggis. Því var fjármunum af „umferðaröryggisgjaldi“ varið til þessa sérstaka eftirlits lögregluembættá landsvísu til viðbótar við hefðbundið umferðaeftirlit lögreglu. Því fyrirkomulagi lauk á árinu 2015. Árið 2016 kom sérstök fjárveiting af rekstri ríkislögreglustjóra til þessa verkefnis. Árið 2017 var í fyrsta sinn engu fjármagni veitt til sérstaks hraðaeftirlits og hefur engu fjármagni verið veitt í málaflokkinn síðan þá. Árið 2022 var því sjötta árið í röð sem engu fjármagni var veitt í sérstakt hraða- og ölvunareftirlit lögreglu.

ÁÆTLUN	0,-
RAUN	0,-

4.4. Kynningar, forvarnir og fræðsla fyrir almenning

Árið 2022 var auglýsingin „Smellum saman“ sem framleidd var árið áður birt mjög víða, bæði í sjónvarpi, á netinu og á skiltum víða um höfuðborgarsvæðið. Einnig voru framleiddar og birtar útvarpsauglýsingar úr sömu herferð sem gengur út á að fá fólk til þess að spenna beltin (smella beltunum). Í stuttu máli felur herferðin í sér lag og tónlistarmyndband þar sem áhersla var lögð á að hafa lagið og myndbandið grípandi og skilaboðunum var komið til skila á frekar lúmskan hátt. Lagið, textann og myndbandið má finna á síðunni www.smellumsaman.is.



Haldið var áfram með verkefnið „Nap And Go“ með Visit Reykjanes, Safetravel og Samtökum ferðapjónustunnar.

Markmið þess er að hvetja farþega sem koma með næturflugi, sérstaklega ferðamenn frá Norður-Ameríku, til þess að hvíla sig áður en lagt er af stað í langferð. Ferðamanninum er boðið að leigja hótélherbergi til hvíldar frá 06-12 f.h. í nálægð við flugvöllinn áður en hann heldur út í daginn undir stýri. Árið 2022 var verkefninu formlega komið af stað og hófust kynningar á því til erlendra ferðamanna sem hyggja á ferð til Íslands.

NAP AND GO

Birtar voru auglýsingar ætlaðar pólskumælandi fólki á vefmiðlinum www.icelandnews.is en þar er að finna fréttir á pólsku.

Að vanda voru sýndar fræðslumyndir á RÚV á milli dagskrárliða þar sem verið er að kenna á umferðina frekar en að reyna að breyta hegðun. Sú nýbreytni kom til að einnig voru myndirnar sýndar á miðlum Síonar.

Eldri auglýsing um ölvunarakstur var birt í tengslum við HM í knattspyrnu karla. Í henni fær þjálfari barna í knattspyrnu sér bjór við hliðarlínuna, sem er hegðun sem langflestum þykir ekki boðleg. Því næst er spurt – ef þetta er ekki boðleg hegðun, hvers vegna telja svona margir áfengi og akstur fara saman.



Nýjar fræðslumyndir voru framleiddar á árinu. Ný mynd var gerð um eftirvagna og akstur með þá og sömuleiðis var hafist handa við gerð fræðslumyndar um farsímanotkun undir stýri en gerð hennar lauk árið 2023. Auk þessara nýju mynda var fræðslumynd um rafhlaupahjól frá árinu áður klippt niður í smærri hluta til þess að falla betur að samfélagsmiðlum.

Sérstök áhersla var lögð á rafhlaupahjól. Mikið var lagt í birtingu fræðslumyndar um rafhlaupahjól á samfélagsmiðlum og annars staðar á netinu. Útvarpsauglýsingar voru framleiddar þar sem fram komu þær reglur sem gilda um hjólin. Hafist var handa við að framleiða herferð er lýtur að rafhlaupahjólum en sú herferð var svo birt árið 2023.



Samgöngustofa átti í góðu samstarfi við Bylgjulest Bylgjunnar sumarið 2022 þar sem lögð var áhersla á umferðaröryggi allt sumarið og voru valdir mismunandi áherslupunktur fyrir hverja helgi frá miðjum júní og fram yfir verslunarmannahelgi, alls átta helgar.

Var þannig t.d. lögð áhersla á samskipti ökumanna og hestamanna helgina 8.-10. júlí samhliða hestamannamóti á Hellu og var Bylgjulestin stödd þar þá helgina. Að sama skapi var fókussinn settur á að tala gegn akstri undir áhrifum áfengis og fíkniefna um verslunarmannahelgina. Í aðdraganda hveftrar helgar voru birtar útvarpsauglýsingar sem snéru að áherslu viðkomandi helgar og um helgina sjálfa töluðu dagskrárgerðarmenn svo um viðkomandi málefni.


Samgöngustofa tók þátt í átaki Sniglanna, „Lítlu tvisvar“, þar sem ökumenn eru hvattir til þess að ganga úr skugga um að ekki sé bifhjól á veginum sem ekið er inn á.

Samgöngustofa heldur úti nokkuð öflugri Facebook síðu þar sem skilaboðum er komið til almennings með stöðuuppfærslum sem greitt er sérstaklega fyrir svo skilaboðin dreifist sem víðast.

ÁÆTLUN	33.500.000,-
RAUN	37.777.347,-

Þróun umferðarhraða

Á mynd 4 eru upplýsingar um þróun umferðarhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringveginum, á tímabilinu 2004-2022, skv. umferðargreinum Vegagerðarinnar.



Mynd 4. Meðaltal ökuhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringvegi 2004 – 2022. Mælistað við Pétursey er sleppt árið 2012. Mælistað við Hellið er sleppt árið 2015. Umferðargreindir í Eldhrauni skilaði ekki hraðagögnnum fyrir júnímánuð 2019 en gögn fyrir júlí – september eru notuð fyrir þann stað það ár. Haustið 2020 var leyfilegur hámarkshraði á Hringvegi við Árvelli á Kjalarnesi lækkaður í 70 km/klst. vegna framkvæmda og því er hraðagögnnum fyrir þann mælistað sleppt úr meðaltalsútreikningum frá og með árinu 2021. Hraðagögn frá Fagradal voru í fyrsta sinn tekin með í meðaltalsútreikningum árið 2021 en vegurinn um Fagradal hefur verið hluti af Hringvegi frá 11. nóvember 2017.

Meðalökuhraði á 10 stöðum á Hringvegi sumarið 2022 var 93,3 km/klst. og hafði hann lækkað um tæplega 0,3 km á klst. frá sumrinu áður. Meðaltal v_{85} hraða (v_{85} er sá hraði sem 15% ökumanna fara yfir) var 102,7 km/klst. og hafði hann lækkað um tæplega 0,4 km/klst. frá fyrra ári.

Þegar breytingar á meðalhraða að sumarlagi frá fyrra ári voru skoðaðar kom í ljós að meðalhraðinn lækkar á flestum stöðum eða um 2,0 km/klst. í Eldhrauni, um 1,1 km/klst. við Pétursey, um 0,8 km/klst. í Hrutafirði og í Öxnadal, um 0,5 km/klst. við Gljúfurá í Húnavatnssýslu, um 0,4 km/klst. á veginum um Fagradal og um 0,3 km/klst. við Hvassafell í Norðurárdal. Meðalhraðinn hækkaði um 1,4 km/klst. á Hellið og á Hafnarmelum og um 0,3 km/klst. í Langadal. Ofangreindar hraðatölur gilda fyrir umferð í frjálsu flæði, en það þýðir að bil milli ökutækja og umferðarmagn er með því móti að reiknað er með að hver ökumaður velji sinn ökuhraða.

Á mynd 5 er sýnt hvernig það hlutfall ökumanna sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða breytist á völdum mælistöðum á tímabilinu 2020-2022. Sumarið 2022 var þetta hlutfall hæst á Hringvegi í Langadal, þar sem það var 2,54%. Næst hæst var hlutfallið í Hrutafirði eða 2,23% og þriðja hæst var það í Öxnadal þar sem það var 2,14%.

Hlutfall ökumanna sem aka hraðar en 30 km/klst yfir leyfilegum hámarkshraða



Mynd 5. Hlutfall ökumanna á Hringvegi sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða. Hæst er hlutfallið í Langadal, í Hrótafirði og í Öxnadal.

Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag

Árið 2022 létust tveir einstaklingar af völdum ölvunaraksturs eða fíkniefnaaksturs og 11 manns slösuðust alvarlega. Er það aukning frá árinu áður þegar einn lést og 8 manns slösuðust alvarlega. Tafla 3 sýnir afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs síðustu ára.

Tafla 3. Afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs

Ár	Látnir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs	Látnir alls	Hlutfall	Alvarlega slasaðir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs	Alvarlega slasaðir alls	Hlutfall
2018	1	18	6%	20	183	11%
2019	0	6	0%	8	182	4%
2020	4	8	50%	14	149	9%
2021	1	9	11%	8	199	4%
2022	2	9	22%	11	195	6%
Meðaltal	1,6	10,0	16%	12,2	181,6	7%

Frá árinu 2006 hefur lögreglan prófað hjá ökumönnum hvort ekið væri undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna. Prófið felur í sér að munnvatns- eða svitasýni er tekið af ökumanni og ef vísbendingar eru um slíkt er blóð tekið til frekari rannsóknar.

Tafla 4. Fjöldi einstaklinga sem teknir eru fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstursbrot

Ár	Fjöldi einstaklinga teknir fyrir ölvunarakstursbrot	Fjöldi einstaklinga teknir fyrir fíkniefnaakstursbrot
2018	1.505	1.453
2019	1.413	1.589
2020	976	1.242
2021	1.215	1.208
2022	1.471	1.217
Samtals	6.580	6.709

Í töflu 4 má sjá fjölda einstaklinga sem teknir eru fyrir akstur undir áhrifum. Þeir einstaklingar sem teknir eru oftar en einu sinni innan ársins telja aðeins einu sinni í þeirri töflu. Samkvæmt henni er fjöldi þeirra sem teknir eru fyrir ölvunarakstur og fíkniefnaakstur mjög svipaður.

Tafla 5 sýnir hins vegar fjölda brota og þar telur einstaklingur sem tekinn er oftar en einu sinni jafnoft og hann er tekinn. Samkvæmt henni eru fíkniefnaakstursbrot töluvert fleiri en ölvunarakstursbrot sem segir okkur að þeir einstaklingar sem teknir eru fyrir fíkniefnaakstur eru stöðvaðir mun oftar að jafnaði en þeir sem teknir eru fyrir ölvunarakstur.

Tafla 5. Fjöldi ölvunar- og fíkniefnaakstursbrota

Ár	Fjöldi ölvunarakstursbrota	Fjöldi fíkniefnaakstursbrota
2018	1.702	2.498
2019	1.661	2.660
2020	1.110	2.014
2021	1.370	1.897
2022	1.579	1.664
Samtals	7.422	10.733

Á þessum tveimur töflum að ofan má sjá að síðustu fimm ár hafa þeir einstaklingar sem hafa verið stöðvaðir fyrir ölvunarakstur verið að jafnaði stöðvaðir 1,13 sinnum hver þeirra (7.422 / 6.580). Til samanburðar hafa þeir einstaklingar sem hafa verið stöðvaðir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna verið að jafnaði stöðvaðir 1,60 sinnum hver.

4.5. Fræðsla til barna og ungmenna

Fræðsla í grunnskólum

Í umferðaröryggisáætlun er sérstaklega leitast við að tryggja öryggi barna í umferðinni. Árið 2018 hófst verkefni sum unnið var með sveitarfélögum, en þar voru valin örfá sveitarfélög á hverju ári til að skuldbinda sig til að innleiða umferðarfræðslu í sína grunnskóla. Samgöngustofa var þeim innan handar á þeirri vegferð og greiddi einnig til verkefnisins. Við þetta verkefni varð til reynsla sem sveitarfélög geta deilt sín á milli um hvernig mögulegt er að innleiða umferðarfræðslu í skóla. Einnig varð til námsefni sem aðrir skólar geta tekið upp innan sinna raða. Vegna heimsfaraldurs lagðist þetta verkefni af árið 2020. Áherslan nú hefur verið á að halda við námsefni á vefnum umferd.is og gera þannig kennurum kleift að nálgast það efni sem þarf til að sinna umferðarfræðslu í skólum.



Framkvæmd var könnun meðal grunnskólakennara um umferðarfræðslu í skólum. Alls svöruðu 424 kennarar og af þeim höfðu 201 eða 47% tekið þátt umferðarfræðslu. Í 76 af 93 grunnskólum (82%) vissi a.m.k. einn svarenda til þess að umferðarfræðsla færi fram í skólanum, hvort sem það var viðkomandi kennari sem sinnti henni eða einhver annar.

Samgöngustofa tók þátt í að framleiða og gefa endurskinsvesti til grunnskóla og efstu bekkja leikskóla. Var verkefnið gert í samvinnu við fjölmarga aðila.



Ný endurskinsmerki hafa verið framleidd frá árinu 2017 og hönnuð m.t.t þess að ungmenni vilji nota þau. Árið 2022 voru fleiri endurskinsmerki prentuð og var þeim fyrst og fremst dreift með aðstoð Landsbjargar auk þess sem fólk gat sótt sér merki til Samgöngustofu. Þá var endurtekin lítil herferð um jólin frá árinu áður þar sem fólk var hvatt til að nota endurskinsmerki. Jólasveinn var í aðalhlutverki og sýndur munurinn á sýnileika með og án endurskinsmerkis.



Í desember var birt jóladagatal sem samanstóð af 24 stuttum þáttum. Var um að ræða endurtekningu á jóladagatali ársins áður með þeirri viðbót að í lok hvers þáttar kom nýtt aukaefni þar sem Grýla, Hurðaskellir og Skjóða spurðu áhorfendur spurningar um efni þáttarins. Gátu áhorfendur svo svarað spurningunni á vefsíðu dagatalsins og voru dregnir út tveir endurskinsbakkpokar á dag í þessa 24 daga. Í lokin hlaut svo einn heppinn bekkur pizzuveislu og nokkur borðspil ásamt heimsókn frá Hurðaskellil og Skjóðu.



Í töflu 6 má sjá tölur yfir slösuð og látin börn síðustu fimm ár.

Tafla 6. Slösuð 0-14 ára börn 2018-2022

	Látin	Alvarlega slösuð	Lítið slösuð	Samtals
2018	1	20	114	135
2019	0	24	94	118
2020	0	28	91	119
2021	1	22	87	110
2022	0	21	99	120
Meðaltal	0,4	23	97	120

ÁÆTLUN	10.000.000,-
RAUN	5.378.436,-

Fræðsla í framhaldsskólum

Samgöngustofa á nokkrar stuttar myndir sem flestar fjalla um banaslys þar sem ungir ökumenn verða einhverjum nákomnum að bana. Eiga þær það sameiginlegt að sýna hvernig ákveðin hegðun getur leitt til slíkra hörmulegra atburða, s.s. glæfraakstur, akstur undir áhrifum og farsímanotkun undir stýri. Eru myndirnar aðgengilegar þeim skólum sem vilja sinna umferðarfræðslu en auk þess hefur Samgöngustofa boðið skólum upp á heimsóknir þar sem starfsmaður Samgöngustofu sinnir umferðarfræðslu. Þetta árið var áætlað að fá verktaka til þess að sinna umferðarfræðslu í framhaldsskólum, heimsækja skóla og flytja erindi, en ekki kom til þess heldur sinni starfsmaður Samgöngustofu þessari fræðslu sem fyrr. Kom því ekki til ytri kostnaðar við þetta verkefni.

ÁÆTLUN	1.000.000,-
RAUN	0,-

4.6. Fræðsla til erlendra ökumanna

Samgöngustofa tekur þátt í Safetravel verkefni Landsbjargar. Vísar slóðin drive.is nú á slóðina www.safetravel.is/driving en á þeirri síðu geta erlendir ferðamenn nálgast upplýsingar um öryggi á íslenskum vegum. Leitast er við að ná til þeirra sem eru að kynna sér landið, ferðaskrifstofur, bílaleigur o.þ.h. sem gefur til kynna að viðkomandi sé á leiðinni til Íslands.

Í samstarfi við Vegagerðina, SAF, bílaleigur landsins, Sjóvá og Landsbjörg hefur Samgöngustofa prentað og dreift stýrisspjöldum síðustu ár en það er einskönar bæklingur sem er hengdur á stýri bílaleigubíla og kemst því leigutakinn ekki hjá því að sjá það. Á spjaldinu eru upplýsingar fyrir erlenda ferðamenn um séríslenskar aðstæður, s.s. sérstök umferðarmerki sem ekki þekkjast annars staðar og almennar varúðarreglur. Ekki var þörf á endurprentun á stýrisspjaldinu þar sem lager frá fyrrri árum var enn til.

Samgöngustofa gerir greinarmun á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum sem búsettir eru hérlendis þ.e. með íslenska kennitölu.

Samgöngustofa lét gera teiknaða fræðslumynd fyrir erlenda ferðamenn fyrir nokkrum árum. Í henni kennir álfurinn Elfis erlendum ferðamönnum á íslenska umferð og segir þeim hvað er hugsanlega framandi við íslenska vegakerfið og íslenskar aðstæður. Var áhersla lögð á að dreifa myndinni um samfélagsmiðla til þeirra sem eru nýkomnir til landsins eða á leiðinni.

Áhugavert er að skoða þróun slysa á erlendum ríkisborgurum búsettum hér borið saman við slys ferðamanna sem heimsækja landið að teknu tilliti til fjölda. Þess má geta að fræðslufni var dreift til erlendra ríkisborgara búsettra á Íslandi og annarra sem ekki tala íslensku nægilega vel og er þess getið í kafla 4.4.

Tafla 7. Slysa á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum búsettum hérlendis

	Slasaðir og látnir erlendir ferðamenn	Fjöldi erlendra ferðamanna um KEF (þús)	Slasaðir og látnir á hverja 100.000 ferðamenn	Slasaðir og látnir erlendir ríkisborgarar búsettir hérlendis	Fjöldi erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis (þús, 1. jan)	Slasaðir og látnir á hverja 1000 erlendra ríkisborgara búsetta hérlendis
2018	202	2.344	8,6	118	37,8	3,1
2019	193	2.013	9,6	125	44,3	2,8
2020	45	479	9,4	128	49,4	2,6
2021	94	688	13,7	130	51,3	2,5
2022	75	1697	4,4	175	55,0	3,2
Meðaltal	122	1.444	8,4	135	47,6	2,8

ÁÆTLUN	8.000.000,-
RAUN	2.897.216,-



4.7. Slysaskráning

Útlagður kostnaður vegna slysaskráningar er vegna slysgagna frá Aðstoð og Öryggi, hýsingar og reksturs slysakortsins og uppfærslu á fjölda látinna á skilti í Svínahrauni. Þessi kostnaður er færður á umferðaröryggisáætlun. Eftir stendur þó launakostnaður, kerfisrekstur og annað sem greitt er fyrir með öðrum hætti.



ÁÆTLUN	3.000.000,-
RAUN	3.601.017,-

4.8. Starfsmanna- og fræðslukostnaður

Til þess að hægt sé að vinna verkefni á umferðaröryggisáætlun á faglegan hátt og innan tímaramma þarf að greiða fyrir sameiginlegan kostnað sem dreifist á öll verkefni. Þessi kostnaður er tekinn saman í þennan lið. Í fyrsta lagi er um að ræða kostnað vegna vinnu sérfræðinga sem vinna að verkefnum á umferðaröryggisáætlun og að auki er hér um að ræða kostnað við fundi og ráðstefnur.

ÁÆTLUN	10.000.000,-
RAUN	10.019.552,-

4.9. Önnur verkefni og ófyrirséð

Umferðarþing

Umferðarþing var haldið um haustið og var þema þingsins umferð gangandi og hjólandi og var yfirskriftin „Virkar samgöngur – betri hreyfing“. Margvísleg erindi voru haldin og voru að sama skapi líflegar umræður um þennan vegfarendahóp, þ.e. gangandi og hjólandi. Sérstaklega mikið var rætt um rafhlaupahjól, þau slys sem fólk lendir í á þeim og þeim óþægindum sem þau virðast vera að valda öðrum vegfarendum á stígum og vegum. Í því samhengi var farið yfir væntanlegar breytingar á regluverkinu er varðar smáfarartæki og öryggismál þeirra.



Fjallað var um hjólréiðar, rafhjól, bíllausan lífsstíl, hjálmanotkun og umferð fólks með fötlun og þær áskoranir sem sá vegfarendahópur mætir. Einnig var farið yfir Borgarlínu og stöðu hennar sem og stofnstigakerfi höfuðborgarsvæðisins. Fundarstjóri var Sóli Hólm en auk fundarstjórnar sá hann um skemmtiatriði þingsins. Hægt er að nálgast dagskrá þingsins sem og upptökur og kynningar á slóðinni www.samgongustofa.is/umferdarthing.

Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa

Alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa er haldinn hátíðlegur þriðja sunnudag í nóvember. Árlega er haldin athöfn við Landsspítalann í Fossvogi en vegna heimsfaraldurs covid-19 féll athöfnin niður árin 2020 og 2021 en var hún haldin að nýju árið 2022. Var auglýsingin Angels m.a. notuð í kynningum og umræðu um minningardaginn en undir henni hljómar lagið „When I think of Angels“ eftir KK sem nú er orðið einkennislag minningardagsins. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á gerendur umferðarslysa og þá sorg og það áfall sem fylgir því að valda slysi og verða öðrum að bana.



Vorfundur bifhjólafélks

Samgöngustofa stendur fyrir árlegum vofundi bifhjólafélks í samstarfi við Sniglana og Ökukennarafélag Íslands. Er á þeim fundi farið yfir slysaþróun, farið yfir ýmis öryggisatriði sem vert er að hafa í huga að vori og fá þátttakendur verklega upprifjun og aka um kennslubraut undir leiðsögn ökukennara. Auk þess bauðst þátttakendum 50% afsláttur af skoðun hjóla.

ÁÆTLUN	4.700.000,-
RAUN	5.131.320,-

5. Aðgerðir og verkefni á árinu 2022: Vegakerfi¹

5.1. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða

Á árinu 2022 var unnið að lagfæringum á um 100 stöðum. Verkefnin hafa verið flokkuð niður eftir eðli aðgerðar, en sum þeirra renna nokkuð saman því að margt kann að vera gert í sömu framkvæmdinni. T.d. kann í einni framkvæmd að vera ekið með efni í vegfláana ásamt uppsetningu vegriða og auknar merkingar, og í annarri framkvæmd sett hjárein á vegamót en þau einnig lýst eða umhverfið lagað.

Á tæplega 40 stöðum var unnið að lagfæringum á öryggissvæði vegar, m.a. með því að lengja ræsi, lagfæra vegfláa (gera þá meira aflíðandi) og fylla í skurði. Sem dæmi má nefna lagfæringar á öryggissvæði við nokkur stór ræsi á sunnanverðu Snæfellsnesi, vegsvæði í Dölunum (Miðdölum), vegsvæði jarðganga við Ísafjörð, ræsi á norðanverðri Holtavörðuheidi, vegsvæði í Hrutafirði og vegsvæði á tveimur stöðum í Mývatnssveit. Á Austursvæði voru stærstu lagfærðu svæðin í Fagradal og á Sævarendaströnd. Á Suðursvæði var öryggi vegsvæðisins m.a. aukið á stuttum köflum skammt vestan Skeiðavegamótanna, neðan við Brautarholt á Skeiðum, við krappa beygju á Þrengslavegi inn á Hringveg, í nágrenni Kiðjabergsvegar á Biskupstungnabraut og á nokkuð löngum hluta Garðskagavegar.



Vegrið voru sett upp eða lengd á 21 stað, m.a. við stór ræsi á sunnanverðu Snæfellsnesi, í Ísafjarðardjúpi (Kleifaós), í Hrutafirði, við Víðidalsá, við Héraðsvötnin, á Ólafsfjarðarvegi (Rauðuvík), á Norðausturvegi (Breiðuvík) og á Mýrdalssandi (á móts við Austari Kæli).




Unnið var að lagfæringum á 9 vegamótum, m.a. tvennum þar sem ferðamenn stoppa gjarnan við; á móts við Egilsstaði og á Skaftafellssvæðinu. Bætt voru vegamót Hringvegarins í Borgarnesi og í Hvalfirði. Aðkoma að leikskóla Hörgársveitar (Álfasteini) frá Hringveginum var stórbætt. Settar voru 4 hjáreinar á Suðursvæði og lokið við að stefnugreina vegamótin við

Reynishverfisveginn. Dropi og hjárein komu á Garðskagaveg.

Merkingar voru bættar á 9 stöðum, má þar til dæmis nefna mikið auknar merkingar á slysaköflum Axarvegar og Heydalsvegar. Einnig á Grafningsvegi efri þar sem mikið er um sumarbústaði og gangandi vegfarendur.

Hlutfallsleg skipting fjármuna í mismunandi framkvæmdir er sýnd á mynd 6.

¹ Stórframkvæmdir í vegamálum, svo sem breikkun vega með aðskilnaði akstursstefna og gerð nýrra brúa sem leysa einbreiðar brýr af hólmi, auka umferðaröryggi til muna og sama má segja um fleiri verkefni Vegagerðarinnar. Gerð er grein fyrir þessum verkefnum í ársskýrslu Vegagerðarinnar ár hvert.



Mynd 6. Öryggisaðgerðir á vegum 2022. Hlutfallsleg skipting kostnaðar.

Á vegum þjónustustöðva Vegagerðarinnar á landsbyggðinni var jafnframt unnið að ýmsum lagfæringum á umhverfi vega og að öðrum öryggisaðgerðum. Hver þjónustustöð fær þá 1-2 m.kr. sem þær nota skv. eigin ákvörðun og sem skal þá uppfylla skilyrði öryggisaðgerða. Auk ofantalinna verkefna er þar stundum um að ræða, og oft samhliða öðrum framkvæmdum, að fjarlægja stórgrýti úr vegfláum eða klapparnibbur og viðlíka, jafnvel að fjarlægja gróður sem skyggir á. Nánari upplýsingar um verkefni þjónustustöðva undir þessum lið árið 2022 má sjá í viðauka II.

Þær umferðaröryggisaðgerðir sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu eru fjármagnaðar með viðhaldsfé. Unnið var að fleiri verkefnum í þágu umferðaröryggis sem fjármögnuð voru af öðrum liðum og tengjast því umferðaröryggisáætlun ekki beint.

ÁÆTLUN	425.000.000,-
RAUN	459.835.798,-

5.2. Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi



Keypt var annars vegar efni í ræsi fyrir stórgripi sem koma á undir Landveg á mótis við Skarð og hins vegar efni í ræsi fyrir stórgripi sem koma á undir Laugarvatnsveg á mótis við Efsta-Dal.

ÁÆTLUN	10.000.000,-
RAUN	8.432.715,-

5.3. Bættar merkingar við einbreiðar brýr

Undanfarin ár hefur verið í gangi áttak við að merkja einbreiðar brýr með skiltum og yfirborðsmerkingum og setja upp blikkljós, en blikkljósin hafa verið greidd af fjárveitingum til umferðaröryggisaðgerða. Árið 2022 voru sett upp blikkljós á 5 stöðum á Vestfjörðum; í Dýrafirði, í Önundarfirði og á 3 stöðum í Ísafjarðardjúpi.

ÁÆTLUN	5.000.000,-
RAUN	4.615.653,-



5.4. Ýmis verkefni og ófyrirséð

Umsjón öryggisaðgerða á vegum

Vinna við umsjón öryggisaðgerða á vegum er greidd af fjárveitingum til umferðaröryggisáætlunar. Hér undir fellur m.a. kostnaður við greiningu slysaáða.

Umferðaröryggisúttekt á vegum

Umferðaröryggisúttekt er einn þáttur umferðaröryggisstjórnunar og felst í því að reglulega fer fram skoðun á vegakerfinu þar sem sjónum er beint að ýmsum öryggisþáttum á eða við veg. Markmiðið með umferðaröryggisúttekt er að finna þá staði þar sem hættu er á að slys geti orðið og gera áætlun um lagfæringar í kjölfarið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slys eða draga úr afleiðingum slysa.



Árið 2022 voru ekki gerðar hefðbundnar umferðaröryggisúttektir, en nokkrir staðir voru samt skoðaðir með svipaðri aðferðafræði af einum starfsmanni, og lagfæringar þar munu að hluta til fara fram árið 2023 og verða kostaðar af umferðaröryggisaðgerðum.

ÁÆTLUN	15.000.000,-
RAUN	8.209.491,-



6. Aðgerðir og verkefni á árinu 2022: Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf

6.1. Könnun á aksturshegðun

Netkönnun um viðhorf og hegðun í umferðinni

Í október 2022 gerði Gallup könnun á aksturshegðun og viðhorfi til umferðar meðal almennings fyrir Samgöngustofu. Sambærileg könnun hefur verið framkvæmd frá árinu 2005 og gefur hún mjög góða mynd af núverandi ástandi ásamt þróun á hegðun og viðhorfi fólks til umferðar. Svarendur voru 1014 af 1696 manna úrtaki (60%), 18 ára og eldri, af báðum kynjum, af öllu landinu. Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

Um 35-45% Íslendinga halda sig innan hámarkshraða og um 7-8% Íslendinga aka hraðar en 10 km/klst. yfir hámarkshraða. Þróunin virðist vera sú að ökuhraði er að lækka örlítið á milli ára og hefur sagður ökuhraði aldrei mælst lægri í 30 km hverfum. Meðalhraðinn er 4-5 km/klst yfir hámarkshraða og hefur lækkað aðeins á milli ára.




Mynd 8. Þróun ökuhraða við hámarkshraða 30, 60 og 90 km/klst. 2018-2022

Tæp 80% ökumanna telja hegðun annarra vegfarenda valda sér truflun eða álagi við akstur. Er þá helst talað um skort á notkun stefnuljósa, farsímanotkun ökumanna, of hægán akstur og hegðun fólks á rafhlaupahjólum. Truflun vegna farsímanotkunar ökumanna jókst mikið fram til ársins 2016 en hefur dregist að einhverju leyti saman síðan þá. Hjólreiðamenn og fótgangandi verða einnig fyrir truflun í umferðinni. Þar er mest áberandi hegðun fólks á rafmagnsvespum og rafhlaupahjólum, að ökumenn stöðva ekki við gangbraut og of hraður akstur. Skortur á notkun stefnuljósa og farsímanotkun ökumanna virðist trufla minna en áður en hegðun vegfarenda á rafknúnum hjólum truflar fótgangandi mun meira en hún hefur gert síðustu ár og virðist nú vera eitt stærsta vandamálið hvað gangandi og hjólandi vegfarendur varðar. Farsímanotkun ökumanna er áberandi í umferðinni. Síðustu ár virðast þó færri tala í símann án handfrjáls búnaðar undir stýri en að sama skapi fjölga þeim sem tala í símann með


handfrjálsum búnaði. Helsta skýringin á því er sú að flestir nútímabílar tengjast símanum með bluetooth og gerir öikumanni kleift að tala í símann án þess að handleika símtækið.

Þegar kemur að farsímanotkun er mikill munur á því hvað fólk telur hættulegt og hvað fólk gerir. Um 97% aðspurðra telja hættulegt að skrifa skilaboð á meðan á akstri stendur, þar af telja 58% það stórhættulegt. Þrátt fyrir þetta segjast um 28% aðspurðra eiga það til að skrifa skilaboð undir stýri. Að sama skapi telja um 95% það hættulegt að lesa skilaboð undir stýri á meðan 37% játa þó að eiga það til að gera það. Áhyggjum veldur að færri en áður telja farsímanotkun undir stýri stórhættulega en í staðinn telja fleiri hana frekar hættulega. Er það vísbending um að fleiri telja hegðunina ásættanlega.

Hversu oft notarðu snjallsíma við akstur?





Hversu hættulega telurðu snjallsímanotkun við akstur?




Mynd 9. Farsímanotkun undir stýri og mat á hættunni sem henni fylgir

Beltanotkun er að breytast til hins betra og má sjá á neðri myndinni hér að neðan að síðustu ár fer þeim fækkandi sem eiga það til að sleppa því að nota beltíð.



Mynd 10. Beltanotkun Íslendinga

Um 21% ökumanna eiga það til (oft, stundum eða sjaldan) að aka eftir að hafa fengið sér einn áfengan drykk. Er það betri niðurstaða en árið áður en lakari niðurstaða en árin 2019 og 2020. Ef frá eru talin árin 2019-2020 þá er þetta besta niðurstaða sem við höfum séð síðan árið 2007. Til samanburðar var þetta hlutfall 24% til 29% á árunum 2013 til 2018 og var um þriðjungur þegar verst var árið 2012.




Sumarhjólreiðar og vetrarhjólreiðar virðast dragast örlítið saman á milli ára ef marka má þessa könnun. Árið 2022 sögðust 3% hjóla daglega yfir sumartímann en um 50% sögðust aldrei nota hjól yfir sumartímann sem er hækkun frá 2021. Um 77% segjast aldrei hjóla yfir vetrartímann og er það hlutfall hærra en það var næstu tvö ár á undan.

Hjálmanotkun á reiðhjóli hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og gerir það aftur núna eftir að hafa minnkað árið 2021. Árið 2022 segjast 70% alltaf nota hjálm samanborið við 65% árið 2021 en árið 2015 var þetta hlutfall t.a.m. rétt rúmlega helmingur. Aðeins voru þeir spurðir sem sögðust einhvern tíma hjóla.


Mynd 11. Hjálmanotkun hjólreiðafólks

Þegar spurt er um upplifun fólks í umferðinni er ljóst að sumar aðstæður valda fólki óryggi umfram aðrar. Sérstaklega er áberandi hversu óöruggt fólk upplifir sig hjólandi á akbraut og að einhverju leyti gangandi yfir gangbraut.



Mynd 12. Upplifun á öryggi í umferðinni

Spurt er um hversu ásættanleg ákveðin hegðun þykir í umferðinni og er sú spurning um margt gagnleg. Er hún prýðilegur mælikvarði á umferðarmenninguna í landinu og gagnast þannig í baráttunni fyrir bættri hegðun og betri umferðarmenningu.



Mynd 13. Umburðarlyndi gagnvart hegðun í umferðinni

Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

ÁÆTLUN	3.000.000,-
RAUN	2.807.615,-

6.2. Könnun á fræðsluefni til erlendra ferðamanna

Gerð var könnun á hvort og hversu mikið fræðsluefni erlendir ferðamenn fengu í hendurnar um öryggisþætti í umferð á Íslandi. Er þetta í fimmta skipti sem slík könnun er gerð en fyrsta skipti eftir heimsfaraldur Covid-19.

Samkvæmt könnuninni fengu 87% þeirra sem leigðu sér bílaleigubíl einhvers konar upplýsingar um umferðaröryggi frá bílaleigunni. Er það hlutfall mjög nærri því sem sjá má í fyrri könnunum. Af þeim sem fengu einhverjar upplýsingar fengu 73% munnleg skilaboð frá starfsmanni leigunnar, 50% fengu afhentan bækling og 6% sáu fræðslumyndband. Í 46% tilfella beið eftir þeim upplýsingabæklingur inni í bílnum og í 17% tilfella beið þeirra stýrisspjald. Ætla má að ferðamaðurinn geti ekki alltaf greint þarna á milli og því smitist eitthvað á milli þessara svara.

Algengast (57%-69%) var að fólk fengi upplýsingar um aðstæður vegna veðurs, hraðatakmarkanir og um hvar á vefnum það getur leitað sér upplýsinga um veður- og færðarskilyrði sem og lokaða vegi. Í 34%-56% tilfella fékk fólk upplýsingar um ljósa- og beltaskyldu, hringtorg, dýr á vegi, sértæk umferðarmerki, 112 og um að það skuli ekki stöðva á miðjum vegi til þess að taka myndir.

ÁÆTLUN	1.500.000,-
RAUN	1.187.624,-

6.3. Könnun á hjálmanotkun á stígum

Samgöngustofa fékk Landsbjörg með sér í lið til þess að framkvæma könnun á hjálmanotkun á reið- og rafhjólum á stígum. Var kannað á tíu mismunandi stígum á höfuðborgarsvæðinu, sex hjólastígum og fjórum blönduðum stígum. Skoðuð voru 1408 hjól og var langstærstur hluti þeirra reiðhjól og rafhlaupahjól. Fjöldi reiðhjóla var þó rúmlega fjórum sinnum meiri en fjöldi rafhlaupahjóla. Auk athugunar á hjálmanotkun var athugað hvort ferðast væri með farþega og hvort farsími væri notaður á ferð.

Helstu niðurstöður um hjálmanotkun má finna í eftirfarandi töflu.

Tafla 8. Helstu niðurstöður hjálmaökönnunar

	Með hjálm	Án hjálms	Samtals	Hlutfall
Reiðhjól, með eða án hjálparmótors	915	171	1086	84%
Létt bifhjól (vespa)	27	9	36	75%
Rafhlaupahjól í einkaeigu	95	64	159	60%
Rafhlaupahjól, merkt leiguhjól	10	84	94	11%

Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

ÁÆTLUN	300.000,-
RAUN	220.000,-

7. Verkefni án sérstakrar fjárveitingar

7.1. Alþjóðlegt samstarf

Samgöngustofa, Vegagerðin og embætti ríkislögreglustjóra eiga hver um sig í umfangsmiklu samstarfi við sínar systurstofnanir og þá sérstaklega á Norðurlöndum.

Vegagerðin og Samgöngustofa taka virkan þátt í þeirri nefnd NVF sem fjallar um umferðaröryggi en NVF er norrænn samstarfsvettvangur á sviði vegamála. Haldnir voru nokkrir fræðslufundir á netinu þar sem skipst var á upplýsingum og nýjungum. Jafnframt sóttu þrír fulltrúar Vegagerðarinnar og einn fulltrúi Samgöngustofu ársfund nefndarinnar sem haldinn var í Kaupmannahöfn í október 2022. Í tengslum við ársfundinn var haldin ráðstefna um umferðaröryggismál. Erindi sem haldin voru á ráðstefnunni má nálgast á slóðinni:


<https://nvfnorden.org/arbejdsgrupper/trafiksikkerhed/praesentationer-fra-nordisk-trafiksikkerhedsforum-i-perioden-2021-2024/>

Vegagerðin tekur einnig virkan þátt í starfi vinnuhóps um umferðaröryggi sem starfar á vegum CEDR, en CEDR stendur fyrir Samtök vegamálastjóra í Evrópu. Helst er þar þessi misserin fjallað um tilskipun Evrópusambandsins, nr. 2019/1936/EB um umferðaröryggisstjórnun vegamannvirkja en jafnframt er fylgst með því sem efst er á baugi í umferðaröryggismálum í löndunum. Árið 2022 voru haldnir fjórir veffundir í hópnum og einn staðfundur en auk þess allmargar vinnustofur um málefni er tengjast umferðaröryggi. Fulltrúi Vegagerðarinnar í vinnuhópnum tók þátt í öllum veffundunum og tók jafnframt, ásamt fleirum, þátt í hluta vinnustofanna.

Samgöngustofa á fulltrúa í NTR sem er samnorrænt ráð sem fjallar um umferðaröryggi, þá aðallega með tilliti til fræðslu og herferða. Á þeim vettvangi eru verkefni og aðferðir bornar saman og reyna meðlimir ráðsins að læra hver af öðrum. Sumar herferðir hafa verið teknar upp í heilu lagi frá einu landi til annars en aðrar hafa verið lagaðar að nýju landi eða einfaldlega

nýttar sem innblástur í nýjar herferðir eða fræðsluverkefni. Var haldinn fundur í ráðinu í fyrsta sinn eftir heimsfaraldur Covid-19 og var hann haldinn í Þórshöfn í Færeyjum sumarið 2022.

Árið 2022 átti Samgöngustofa fulltrúa í sérfræðingahóp á vegum Evrópusambandsins sem kennir sig við CARE. CARE er samevrópskur umferðarslysagagnagrunnur og kom hópurinn upphaflega saman til þess að þróa þann gagnagrunn í sameiningu. Formlegri þróun á gagnagrunninum er nú lokið en að sjálfsögðu munu gögn verða send í grunninn áfram. Á myndinni á næstu síðu má sjá tölfræði fengna úr CARE gagnagrunninum. Er um að ræða fjölda látinna á hverja 100.000 íbúa að meðaltali síðustu fimm ár. Er Ísland í 4. sæti yfir þau lönd þar sem best gengur.



Mynd 14: Fjöldi látinna í umferðinni á hverja 100.000 íbúa í Evrópu 2018-2022. Fengið úr CARE gagnagrunninum.

Viðauki I. Lykilstærðir úr slysaskrá Samgöngustofu

2022



Tafla 1. Látnir og alvarlega slasaðir 1991-2022

Ár	Látnir	Alvarlega slasaðir	Látnir og alvarlega slasaðir
1991	27	230	257
1992	21	228	249
1993	17	246	263
1994	12	242	254
1995	24	239	263
1996	10	229	239
1997	15	203	218
1998	27	229	256
1999	21	222	243
2000	32	169	201
2001	24	158	182
2002	29	164	193
2003	23	145	168
2004	23	115	138
2005	19	129	148
2006	31	153	184
2007	15	195	210
2008	12	200	212
2009	17	170	187
2010	8	204	212
2011	12	154	166
2012	9	136	145
2013	15	177	192
2014	4	177	181
2015	16	178	194
2016	18	215	233
2017	16	189	205
2018	18	183	201
2019	6	182	188
2020	8	149	157
2021	9	199	208
2022	9	195	204

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni

2022	Fjöldi látinna	Hlutfall
Karl	8	88,9%
Kona	1	11,1%

Tafla 3. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri

2022	Fjöldi látinna	Hlutfall
0-16 ára	0	0%
17-26 ára	3	33,3%
27-36 ára	0	0%
37-46 ára	0	0%
47-56 ára	2	22,2%
57-66 ára	3	33,3%
67 ára og eldri	1	11,1%

Tafla 4. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi

2022	Fjöldi látinna	Hlutfall
janúar-mars	2	22,2%
apríl-júní	2	22,2%
júlí-september	3	33,3%
október-desember	2	22,2%

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/péttbýli

2022	Fjöldi látinna	Hlutfall
Dreifbýli	4	44,4%
Péttbýli	5	55,6%

Tafla 6. Vegfarendahópar látinna

2022	Fjöldi látinna	Hlutfall
Ökumaður fólksbifreiðar	2	22,2%
Farþegi fólksbifreiðar	1	11,1%
Farþegi vörubifreiðar	1	11,1%
Á rafhlaupahjólí	1	11,1%
Fótgangandi	4	44,4%

Tafla 7. Tegund banaslysa

2022	Fjöldi látinna	Hlutfall
Útafakstur og bílveltur	3	33,3%
Framanákeyrsla	1	11,1%
Slys á óvörðum vegfaranda	5	55,6%

Tafla 8. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum

2022	Fjöldi látinna	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	2	22,2%
Vesturland	1	11,1%
Norðurland eystra	2	22,2%
Austurland	1	11,1%
Suðurland	3	33,3%

Viðauki II. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða

Uppgjör fyrir árið 2022



Samtals

Verkefni eftir landshlutum (búfjárgöng og einbreiðar brýr þ.m.t.)	Kostnaður árið 2022
Suðursvæði	152.025.096 kr.
Vestursvæði	149.537.278 kr.
Norðursvæði	129.956.473 kr.
Austursvæði	41.365.319 kr.
Samtals	472.884.166 kr.

Suðursvæði:

Veg- og kaflanúmer	Staður	Áætlaðar aðgerðir 2022	Aðgerðir 2022	Kostnaður í lok árs 2022
1-a6	Hjárein við Holtsveginn (206-01).	Hjárein við Holtsveg/Hringveg (að Fjarðrárgljúfrum og Lakagígum).	Framkvæmt sumarið 2022 samhliða framkvæmdum við Holtsveg (inni í því útboði). Framkvæmd er lokið.	5.126.133 kr.
1-b0	Austari Kælir, vegrið.	Styrkja á veginn 2022 og m.a. að endurnýja ræsin. Sett upp 320 m víravegrið í leiðinni, tekið af þessum lið. (Austari ræsinu verður lokað.) Lengja ræsi.	Unnið samhliða framkvæmdum við styrkingu Hringvegarins austan við Álftaver (inni í því útboði). Framkvæmdum er lokið.	6.312.000 kr.
1-b4	Reynishverfisvegamót, klæðing.	Undirbygging fór fram 2021, en eftir er að koma á klæðingu. Verður gert 2022.	Framkvæmt samkvæmt áætlun; lögð út klæðing, málað vegfirborðið og sett upp merki. Framkvæmdum er lokið. Einnig lagað umhverfið við ræsi st. 7.060 með uppgreftri úr þessari framkvæmd.	8.141.372 kr.
1-d2	Vestan Skeiðag.móta, vegsvæðið.	Lengja ræsin sem eftir eru, og viðbúið er að lagnir muni þar verða til trafala, en geyma þá klöppina.	Reyndist erfitt að lengja ræsi vegna lagna, þannig að keyrt var í fláa meðfram sunnanverðum Hringveginum vestan við Bitru.	8.303.173 kr.
1-d4	Um Selfoss, gangbrautir.	Lítið eftir síðan 2021. Erfitt var að fá menn til að gera þetta. Bíða þarf eftir þíðu. Mikið af ljósleiðurum og lögnum. Eftir er að tengja tvo staura.	Á árinu 2022 var lokið við frágang við hellulagnir sem ekki var hægt að ljúka haustið 2021, einnig að setja upp einn staur sem ekki tókst heldur að ljúka á árinu 2021 og að setja upp gangbrautarkerki með tilheyrandi festingum við allar gangbrautir.	2.816.807 kr.

1-f5	Kollafjörður, vegrið.	Efni í u.þ.b. 3 km af vegriði var keypt árið 2021 og um helmingurinn settur niður, þannig að eftir er að setja niður seinni helminginn. Innifelur einnig öryggisenda á steiptan vegg.	Lokið var við að endurnýja vegrið á kaflanum.	16.286.471 kr.
26-03	Við Skarð.		Keypt efni í búfjárræsi sem setja á niður sumarið 2023.	3.573.551 kr.
30-02	Neðan Brautarholts.	Þrjú, of stutt ræsi sem þarf að lengja.	Framkvæmt skv. áætlun og verki er lokið.	3.578.065 kr.
30-04	Við Flúðir.		Uppsetning á hraðavaraskilti.	129.347 kr.
30-05	Við Flúðir.		Innkaup og uppsetning á hraðavaraskiltum.	756.510 kr.
33-01	Klæðing á hjárein við Votmúlaveg.	Undirbygging var gerð 2021 við Votmúlaveg, en eftir er að setja klæðingu á hana.	Klæðing á vegamótum við Votmúlaveg, auk þess að klára hjárein við vegamótin (3,8 m.kr.). Einnig var byrjað á uppsetningu lýsingar frá hringtorgi við Hringveg og suður fyrir þverun reiðleiðar um 500 m sunnar. Búið er að kaupa ljósastaura og lampa í framkvæmdina og merkingar vegna reiðleiðar (2,7 m.kr.) en eftir að klára uppsetningu sem verður þá gert vorið 2023.	6.524.152 kr.
34-01	Um Selfoss.		Lokið við að setja upp grindverk í miðeyju frá hringtorgi í miðbæ Selfoss og að innkeyrslu við hótél, ca. 20 m langt.	533.799 kr.
34-05	Vestan Óseyrarbrúar.	Endurnýjun vegriðs vestan brúarinnar. Ath. einnig að lagfæra skörun bita þar sem hún er öfug. Taka af bílastæði sem er núna til staðar.	Lokið við endurnýjun vegriðs vestan við brú á Ölfusá.	6.706.107 kr.
35-03	Á móts við Kiðjabergsveg	Lagfæring öryggissvæðis í kjölfar umferðaröryggisúttektar 2015 og 2016.	Svæði meðfram vegi á Biskt.braut sitt hvoru megin Kiðjabergsveg lagfært með því að aka efni í vegfláann.	7.960.525 kr.
36-06	Á móts við Grafningsveg.	Lagfæringar á umhverfi vegar. Þarna hafa lagfæringar verið undirbúnar. Til er hönnun fyrir mold í fláa en vegrið þarf á einum stað.	Svæði meðfram vegi lagfært með því að aka efni í vegfláann en svo skall á vetur, talsvert eftir.	2.076.747 kr.

36-11	Á móts við Seljabrekku.	Árið 2020 náðist að lagfæra fláa lítilsháttar en eftir er að fylla í skurð við trjábelti í grennd við Seljabrekku og Hrafnhóla í samráði við landeigendur.	Fyllt í skurð bæði ofan og neðan vegar í nágrenni við Seljabrekku, sem og unnið við hjárein.	26.197.183 kr.
37-03	Norðan Laugarvatns.	Setja upp svokallaða hraðaviðvörðunarskilti við norðanverða aðkomuna inn á Laugarvatn	Verktaki gróf fyrir undirstöðu og starfsmenn þjónustustöðvar gengu frá búnaði. Er á kafla 37-03.	147.089 kr.
37-03	Á móts við Efsta-Dal.	Búfjárræsi við Efsta-Dal.	Keypt efni í búfjárræsi sem setja á niður sumarið 2023.	4.859.164 kr.
39-01	Norðan Þrengslav.brúar við Hringveg, vegsvæði.	Slétta fláann og setja stærri og glitmeiri merki.	Grús var keyrð í fláa í krappri beygju norðan brúar yfir Hringveginn, og starfsmenn þjónustustöðvar endurnýjuðu stefnuörvar yfir í ofurglit.	6.992.784 kr.
45-00	Dropi á vegamótin og hjárein við þau.	Setja "Ísafjarðardropa" og hjárein einnig.	Settur niður "Ísafjarðardropi" og gerð hjárein, málað og gengið frá fláum.	12.041.569 kr.
45-01	Garðskagavegur.	Fara yfir vegsvæði sbr. úttekt sem gerð var 2021.	Unnið við lagfæringar á vegsvæði haustið 2022 í samræmi við úttektina.	10.316.478 kr.
261-01	Hvolsvöllur.		Árið 2021, voru settar gangbrautir og verið var að klára merkingar og skilti vegna þess.	438.166 kr.
286-01	Stutt ræsi st. 4.460.	Lengja ræsi st. 4.460.	Lokið við að lengja og endurnýja eitt ræsi.	1.050.366 kr.
310-01	Á móts við Gaulverjabæjarveg.	Gerð hjáreinar við Súluholtsveg.	Í tengslum við styrkingu Gaulverjabæjarveggar þá var gerð hjárein við Súluholtsveginn. (var inni í því útboði).	4.916.222 kr.
341-01	Sunnan Flúða, setja hraðaviðvörðunarskilti.	Erindi Hrunamannahrepp um broskall á móts við Melabúðina (vegur 341). Setja þannig upp 2022.	Verktaki gróf fyrir undirstöðu og starfsmenn þjónustustöðvar gengu frá búnaði. Verki lokið.	796.090 kr.
360-03	Við sumar-bústaðahverfi.	Setja upp hraðaviðvörðunarskilti sitt hvoru megin við og breyta merkjum ca. á st. 6.100-10.000.	Verktaki gróf fyrir undirstöðu og starfsmenn þjónustustöðvar gengu frá búnaði. Verki lokið.	1.724.650 kr.

	Hönnun og umsjón.	Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.		3.720.576 kr.
			Suðursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2022:	152.025.096 kr.

Vestursvæði:

Veg- og kaflanúmer	Staður	Áætlaðar aðgerðir 2022	Aðgerðir 2022	Kostnaður í lok árs 2022
1-g1	Hringvegur við Grundartangavegamótin.	Gerð var 4. stigs umferðaröryggisrýni sumarið 2021. Skv. henni er ýmislegt smávægilegt sem hægt er að gera og skoða nánar, t.d. varðandi gróður og skilti. Halda áfram skv. umferðaröryggisúttektarskýrslunni frá 2014.	Í reynd er mestmegnis um að ræða kostnað við verkið sem framkvæmt var á 1-g2 sbr. hér neðar.	6.332.720 kr.
1-g2	Stefnugreining Hvalfjarðarvegur.	Lagt til að hugað verði að því að setja vinstri beygju vasa í stað venjulegrar hjáreinar.	Farið var í fyllingu fláa á Hringvegi 1-g3 frá stöð 0 til 60 og svo Hvalfjarðarvegi 47-12 frá stöð 12.300 til 12.400. Um það bil 5000 m ³ hafa verið keyrðir í fláann ásamt því að lengja ræsi á þremur stöðum við vegina. Verk kláraðist ekki 2022, framhaldsverkefni 2023.	3.031.219 kr.
1-g3	Hringvegur við Fiskilæk.	Lenging ræsis.	Lengt var í ræsi beggja vegna vegar. Fiskilækjarmegin var lengt yfir að næsta ræsi sem liggur innan girðingar að landi Fiskilækjar. Grafinn var nýr skurður og fyllt í djúpan skurð inn fyrir girðingu út fyrir öryggissvæði.	4.271.470 kr.
1-g7	Hringvegur um Borgarnes.	Stefnugreining vegamóta, umhverfi.	Vegflái lagfærður, skurðir lokaðir og dremaðir. Unnið sem hluti af öðru verkefni.	16.132.210 kr.
1-g9	Hringvegur við Galtarholt.	Lokafrágangur framhjálaupa frá 2021.	Lokafrágangur framhjálaups undir klæðningu. Klæðning greidd af slitlagaliðnum.	218.228 kr.
51-02	Akrafjallsvegur milli Akranesvegur og Hringvegur.		Verið að vinna við að undirbúa, skoða þarf slysastað við Kjalardal vegna fjölda nýlegra slysa þar.	99.325 kr.

54-04	Garðalækur og Kolbeinsstaðalækur.	Uppsetning vegriða, nema hægt sé að lengja ræsin.	G: Víravegrið sett upp beggja vegna vegar. K: Ræsi um Kolbeinstaðarlæk var lengt um 6 m að ofan og neðanverðu. Fláar og vegsvæði að ofan og neðanverðu lagaðir frá stöð 11.500 að stöð 11.800. 6 m af 220 cm stálræsi og 6 m af 240 cm stálræsi.	10.062.014 kr.
54-05	Gerðubergslækur og nágrenni.	Öryggissvæði aukið.	Öryggissvæði við Gerðubergslæk lagað á um 100 m kafla, þar var skipt um ræsi. Öryggissvæði við Flókalæk var lagað á um 40 m kafla, en þar var skipt um ræsi. Öryggissvæði við Þverá var lagað á um 20 m kafla, þar voru ræsin lengd um 6 m bæði að ofan og neðanverðu. Girt bæði að ofan- og neðanverðu.	7.197.307 kr.
54-06	Kleifá.	Uppsetning vegriðs, nema hægt sé að lengja ræsið.	Víravegrið sett upp beggja vegna vegar. Framkvæmd lokið.	4.210.446 kr.
54-07	Stóra Fura.	Uppsetning vegriðs, nema hægt sé að lengja ræsið.	Víravegrið sett upp beggja vegna vegar. Framkvæmd lokið.	4.210.446 kr.
55-01	Haffjarðardalsgil.	Uppsetning vegriðs, nema hægt sé að lengja ræsið.	Víravegrið sett upp beggja vegna vegar. Framkvæmd lokið.	4.210.446 kr.
55-02	Norðan Oddastaðavatns.	Undirkaflinn frá 55-02_3.100-3.400 slær út í slysgreiningu fyrir malarvegi. Á fundi 18. janúar 2021 var rætt að þarna spilaði slæm hæðarlega inn í. Ökumenn á bílaleigubílum áberandi.	Auknar og bættar merkingar á Heydalsvegi frá Oddastaðaá og að Bíldhóli á 14 km kafla, þar voru sett ný merki um blindhæð/ir, hættulegar beygjur merktar, sett leiðbeinandi hraðamerki og stefnuörvar.	3.540.587 kr.
58-02	Stykkishólmur, hafnarsvæðið.		Kaup og flutningur á efni til til að gera afmarkaðan gangstíg við ferjuna Baldur.	3.667.784 kr.
60-03	Vestfjarðavegur.		Neðan við Álfheima frá stöð 11.140 til 11.940. Þar voru lengd ræsi, vegurinn breikkaður og fláinn lagaður.	10.121.472 kr.

60-42	Vestfjarðavegur við Dýrafjörð.	Uppsetning blikkljósa við einbreiða brú.	Blikkljós sett við einbreiða brú í Dýrafirði.	803.014 kr.
60-45	Vestfjarðavegur við Öndarfjörð.	Uppsetning blikkljósa við einbreiða brú.	Blikkljós sett við einbreiða brú í Öndarfirði.	1.003.071 kr.
60-47	Vestfjarðarvegur við gangamunna Ísafjarðar.	Áhyggjur af að NY-steinar valdi snjósöfnun og einnig vilja menn komast út af. Það er alveg möguleiki að setja bitavegrið. Æskilegt að prófa að setja vegrið við Tungudalslegginn. Hugsanlega vandamál með lagnir en það er leysanlegt.	Ekið með efni að öllum gangnamunnum BB til að hægt sé að setja vegrið. Steypt undir vegrið í Tungudal og settir niður 6 ljósastaurar við alla gangamunna BB. Steyptur kantur var settur í aðra vegöxlina þar sem ekki verður hægt að reka niður vegriðsstoðir vegna jarðlagna þar undir. Áætlað að klára verkefnið í byrjun árs 2023 þegar frost fer úr jörðu og efni fæst afhent til verksins. Framhaldsverkefni 2023.	10.306.807 kr.
61-29	Djúpvegur við Laugardalsá.	Uppsetning blikkljósa við einbreiða brú.	Blikkljós sett við einbreiða brú í Laugardal, Ísafj.djúpi.	702.984 kr.
61-31	Djúpvegur við Kleifaós.	Uppsetning blikkljósa við einbreiðar brýr. Uppsetning vegriða o.fl.	Blikkljós sett við einbreiða brú í Skötufirði, Ísaf.djúpi. Vinna við að setja upp vegrið á Fossahlíð og Garðshlíð. Stöðvanúmer: 4.240-5.200 og 7.800-9.100.	9.341.003 kr.
61-33	Djúpvegur við Fjarðará.	Uppsetning blikkljósa við einbreiða brú.	Blikkljós sett við einbreiða brú í Hestfirði, Ísaf.djúpi.	1.403.600 kr.
61-34	Djúpvegur við Hestafjarðarbotn.	Uppsetning stefnaörva í Hestfjarðarbotni.	Bætt við stefnuörvum í fjarðarbotni Hestfjarðar, Ísafjarðardjúpi. Vegur 61-33 Stöð 13.500-13.840 og vegur 61-34 stöð 0-300.	798.685 kr.

61-38	Djúpvegur, snjóflóðaskápar við Súðavíkurhlíð.	Undanfari þess að sett verði upp stálpil til varnar snjóflóðum. Verður unnið í samvinnu með Hafnarsviði Vg. sem notar grjótið úr skeringu í grjótgarð í Súðavík. Þannig verður til pláss fyrir snjóinn (og minni flóð af bæði snjó og grjóti).	Samstarfsverkefni. Greitt að hluta til af umferðaröryggissjóði, fjármagn nýtt til að breikka rásir samhliða því að snjóflóðaskápar voru sprengdir í hlíðina.	18.303.132 kr.
64-01	Flateyrarvegur.		Viðhald á hraðavaraskilti.	66.009 kr.
65-02	Súgandafjarðarvegur.	Undirbúningur fyrir vegrið, lýsingu og umferðarmerki.	Lýsing við gangamuna og jarðvegs undirbúningur.	318.677 kr.
574-08	Sjálfvirk hraðahindrun í Ólafsvík.	Búnaðurinn var leigður. Tvær voru settar niður 2021, sitt hvorum megin við skólann. Lokagreiðsla þeirra.	Seinni hluti greiðslu búnaðar sem settur var upp 2021.	5.897.010 kr.
593-01	Orrahólsvegur.		Búfjárræsi; kaup á hólkum og flutningi á staðinn, landeigandi mun sjá um niðursetninguna.	2.700.933 kr.
617-01	Tálknafjarðarvegur.		Færsla á hraðavaraskilti.	50.160 kr.
	Þjónustustöð Borgarnesi (451).		Lengd voru ræsi á Borgarfjarðarbraut nr. 50-05.	1.890.082 kr.
	Þjónustustöð Ólafsvík (451).		Tilfallandi verkefni við hreinsun stakra steina í fláum o.fl.	2.165.081 kr.
	Þjónustustöð Búðardal (453).		Búfjárræsi á Orrahólsvegi nr. 593-01 stöð 7.300. Kaup á hólkum og flutningur á staðinn, landeigandi mun sjá um niðursetninguna.	2.760.847 kr.
	Þjónustustöð Patreksfirði (461).		Tilfallandi verkefni við hreinsun stakra steina í fláum o.fl.	1.058.946 kr.
	Þjónustustöð Ísafirði (462).		64-01; Flateyrarvegur. Undirbúningur vegna niðursetningar vegriðs við ræsi í st. 420. Framhaldsverkefni 2023.	1.057.826 kr.
	Þjónustustöð Hól mavík (463).		Tilfallandi verkefni við hreinsun stakra steina í fláum o.fl.	302.958 kr.

	Hönnun og umsjón.	Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.		11.300.779 kr.
			Vestursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2022:	149.537.278 kr.

Norðursvæði:

Veg- og kaflanúmer	Staður	Áætlaðar aðgerðir 2022	Aðgerðir 2022	Kostnaður í lok árs 2022
1-j1	Hringvegur, sunnan við Bláhæð.	Of stutt ræsi sem þyrfti að lengja beggja vegna.	Ræsi við stöð 680 lengt í báðar áttir og keyrt í fláa frá st. 650 að st. 720.	1.568.995 kr.
1-j2	Hringvegur, norðan við Miklagil.	Kafli á Hringvegi frá 1-j1_10837 til 1-j2_1066 slær út í slysgreiningu. Ræsi sem hugsanlega er hægt að lengja.	Ræsi við stöð 190 lengt í báðar áttir og keyrt í fláa ca. frá st. 140 í 240.	5.679.182 kr.
1-k2	Hringvegur norðan Hvalshöfða í Hrútafirði.	Keyra í fláa, lengja ræsi og setja vegrið eftir aðstæðum.	Víravegrið sett upp á þremur stöðum: milli st. 4.285-4.655, st. 4.701-4.955 og st. 5.257-5.602, öll vinstra megin. Samtals lengd 969 m. Keyrt í fláa á milli st. 4.200 – 5.750 hægra megin og st. 4.200 – 4.500 vinstra megin. Ræsi lengd í st. 4.600, 4.830, 5.090, 5.360, 5.470 og 5.680.	16.534.193 kr.
1-k6	Hringvegur við Víðidalsá.	Vegriðsendar og lenging.	Bitavegrið út frá brú lengt í 60 m og settir á það 12 m langir öryggisendar. Stöðvar, að vestan 10.258-10.330, að austan 10.405-10.477. Samtals lengd 288 m.	8.699.227 kr.
1-m6	Hringvegur við Varmahlíð.	Ljúka við tengingu á hraðaskilti við Varmahlíð.	Gengið frá tengingu á hraðavaraskilti við Varmahlíð sem sett var upp 2021.	211.036 kr.
1-m7	Hringvegur við Héraðsvötn.	Lengja vegrið út frá Héraðsvatnabrunni og setja öryggisenda.	Bitavegrið út frá brú lengt og settir á það öryggisendar. Vinstra megin að vestan st. 3.898-3.965 = 72 m, hægra megin að vestan st. 3.908-3.965 = 57 m, vinstra megin að austan st. 4.163-4.235 = 72 m og hægra megin að austan st. 4.163-4.235 = 72 m. Hægra megin að	7.713.710 kr.

			vestan er vegriðið styttra vegna tengingar.	
1-p6	Hringvegur norðan við Akureyri.	Gera framhjáhlaup við leikskólann að Álfasteini.	Framhjáhlaup gert vinstra megin á móti tengingu að leikskólanum Álfasteini í Hörgársveit. Götulýsing nær frá Akureyri að framhjáhlaupinu og þarf síðar að lengja lýsinguna um 3-4 staura til norðurs.	16.484.996 kr.
1-q9	Hringvegur við Mátvatn.	Lengja ræsi við Mátvatn og laga tengingu.	Ræsi við norðurenda Mátvatns lengt hægra megin og efni keyrt í fláa. Einnig var tenging að Mátvatni vinstra megin færð norðar, en sú sem var fyrir lokaðist þegar vegrið var sett þeim megin 2021. Við suðurenda Mátvatns var aðgengi að vatninu lagfært með því að stytta vegrið í vinstri kanti um 45 m og í staðinn var ræsi lengt og fyllt í skurð.	5.070.805 kr.
1-q9	Hringvegur við vegamót Mátvatnssveitarvegur.	Laga fláa við vegamót.	Fláar við vegamót Hringvegur og Mátvatnssveitarvegur voru lagfærðir.	549.441 kr.
1-r3	Hringvegur austan í Námaskarði.	Fylla í skurð meðfram vegi austan í Námaskarði og setja stefnuörvar í beygju.	Vatn hafði grafið djúpan skurð ofan í leirjarðveg austan í Námaskarði og skapaði það hættu ef bílar færu á hvolf ofan í hann. Fyllt var í skurðinn með grófu efni. Einnig voru stefnuörvar settar í tvær beygjur vestan í Námaskarði.	7.834.498 kr.
72-02	Hvammstangavegur við Hvammstanga.		Gengið frá tengingu á hraðavaraskilti við Hvammstanga.	42.080 kr.
74-04	Skagastrandarvegur á Skagaströnd.	Hraðavaraskilti og aðrar aðgerðir sem eftir er að hanna.	Unnið í hönnun í samráði við sveitarfélagið en engar framkvæmdir á árinu.	1.311.737 kr.

75-02	Sauðárkróksbraut við Varmahlíð.	Tengja hraðavaraskilti við Varmahlíð.	Gengið frá tengingu á hraðavaraskilti við Varmahlíð.	42.080 kr.
76-02	Siglufjarðarvegur við Gljúfurá.	Setja upp vegrið við Gljúfurá.	Fláavegrið sett upp við Gljúfurá á Siglufj.vegi, st. 9.609 – 9.767 vinstra megin, st. 9.620 – 9.777 hægra megin. Samtals lengd 315 m.	4.603.415 kr.
82-01	Ólafsfjarðarvegur við Hörgá.	Öryggisaðgerðir á Ólafsfjarðarvegi.	Gátskildir settir á brúarvegrið við Hörgá.	150.829 kr.
82-02	Ólafsfjarðarvegur við Rauðuvík.	Öryggisaðgerðir á Ólafsfjarðarvegi.	Fláavegrið sett upp norðan við tengingu að bænum Rauðuvík. Staðsetning, st. 5.672 – 6.435 hægra megin. Samtals lengd 763 m.	9.044.042 kr.
83-05	Grenivíkurvegur við Grenivík.		Gengið frá tengingu á hraðavaraskilti við Grenivík.	44.394 kr.
85-07	Norðausturvegur við Breiðuvík.	Setja upp vegrið við Breiðuvík.	Fláavegrið sett upp við Breiðuvík. Staðsetning, st. 5.672 – 6.435 hægra megin. Samtals lengd 763 m.	5.457.497 kr.
85-08	Norðausturvegur við Skeiðsöxl.	Setja upp vegrið við Skeiðsöxl. Lenging á roravegriði.	Fláavegrið sett upp við Skeiðsöxl. Vegrið er í beinu framhaldi af eldra roravegriði.	5.139.113 kr.
85-26	Norðausturvegur við Þórshöfn.	Tengja hraðavaraskilti við Þórshöfn.	Gengið frá tengingu á hraðavaraskilti við Þórshöfn sem sett var upp 2021.	472.954 kr.
711-01	Vatnsnesvegur við Hvammstanga.		Gengið frá tengingu á hraðavaraskilti við Hvammstanga sem sett var upp 2021.	42.080 kr.
733-01	Blöndudalsvegur norðan Bollastaða.	Var ekki á áætlun en ákveðið að setja vegrið á hættulegan stað norðan Bollastaða.	Fláavegrið sett upp norðan Bollastaða þar sem hátt og bratt er frá vegi niður í Blöndu. Staðsetning, st. 8.187 – 8.458 hægra megin. Samtals lengd 271 m.	3.468.011 kr.
869-02	Langanesvegur á Þórshöfn.		Gengið frá tengingu á hraðavaraskilti á Þórshöfn sem sett var upp 2021.	143.282 kr.

874-02	Raufarhafnarvegur við Deildará.	Setja upp vegrið við Deildará.	Fláavegrið sett upp við brú á Deildará. Einnig var malarefni keyrt í fláa næst brúnni. Staðsetning, st. 4.292 – 4.438 beggja vegna. Samtals lengd 292 m. Keyra þurfti talsverðu magni af malarefni í bratta og háa fláa.	7.465.760 kr.
471	Hvammstangi þjónustustöð.		Keyrt í fláa hægra megin á Hringvegi 1-1 frá st. 2.200 að st. 2.500. Flutningabílar hafa verið að fara út í kant og jafnvel út af á þessum kafla.	1.260.274 kr.
472	Sauðárkrókur þjónustustöð.		Tvö ræsi lengd á Skagafjarðarvegi 752-01 / 02 og keyrt í fláa.	1.692.875 kr.
581	Akureyri þjónustustöð.		Trjágróður hreinsaður á Illugastaðavegi, Eyjafjarðarbraut eystri og vestri, Ólafsfjarðarvegi og Hringvegi í Hörgárdal.	3.614.655 kr.
582	Húsavík þjónustustöð.		Trjágróður hreinsaður á Staðarbraut við Laxá.	1.052.000 kr.
	Hönnun og umsjón/eftirlit.	Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.		14.563.312 kr.
			Norðursvæði - Umferðaröryggisaðg. 2022:	129.956.473 kr.

Austursvæði:

Veg- og kaflanúmer	Staður	Áætlaðar aðgerðir 2022	Aðgerðir 2022	Kostnaður í lok árs 2022
1-t7	Hringvegur á Fagradal.	Áframhaldandi lagfæringar á umhverfi vega skv. úttektarskýrslu.	Ræsi lengd og vegrás breikkuð á kafla t6 og t7.	3.251.563 kr.
1-u4	Hringvegur á Sævarendaströnd.	Nokkur ræsi sem þarf að ganga betur frá.	Ræsi lengd og vegrás breikkuð.	4.382.375 kr.
1-u5	Hringvegur á Sævarendaströnd.	Nokkur ræsi sem þarf að ganga betur frá.	Ræsi lengd og vegrás breikkuð.	66.480 kr.
1-v9	Hringvegur í Álftafirði við Hólsvík.	Festa niður hólka á tveimur stöðum til að setja stoðirnar í sem ekki var hægt að reka niður við stökkinn. 2 x 4 stoðir. Ath. líka lagfæringar á stikum, sbr. Hvalnes.	Efni til að festa stoðir var keypt en ekki fékkst verktaki í verkið.	49.967 kr.
1-x8	Hringvegur í Nesjum.	Staðsetning viðvörunarmerkis um gangbraut (Skaftafellsmegin) er 100 m frá göngupverun en er sagt vera 200 m frá. Engar yfirborðsmerkingar eru á göngupveruninni. Bláa gangbrautarkerkið vantar öðrum megin, þ.e. þeim megin sem íþróttahúsið er. Afmarka þyrfti plan við íþróttahúsið með einhvers konar kaðli eða þvíumlíku til að beina börnum að göngupveruninni. Bæta þarf afvötnun á svæðinu. Setja þarf yfirkeyranlegar stikur við eyjuenda ef það er hægt. Eyjan er mjög ósnyrtilæg. Færa þarf aðeins vestar merkið sem varar við sauðfé, þannig að menn séu komnir út úr þéttbýlinu þegar þeir sjá það.	Byrjað var að snyrta umhverfið. Umferðareyja hreinsuð og máluð. Gangbraut var máluð. Merki sem varar við sauðfé er utan við þéttbýlismarki.	162.266 kr.
1-y3	Hringvegur við Hala í Suðursveit.	Skilti sem heimamenn hafa líklega sett upp sjálfir og hamlar útsýni til austurs. Það þarf að taka niður og mun svæðið gera það.	Keypt voru nokkur skilti.	117.527 kr.

		Búið er að teikna upp hvernig þetta muni líta út, með aðgreiningu (eyju) og örlítilli stækkun. Verður framkvæmt 2022.		
1-y9	Hringvegur tenging við Hafrafellsveg.	Búið að loka veginum en eftir að setja upp upplýsingaskilti sem vísar á hinn veginn. Frágangur er eftir og einnig á eftir að setja upp skilti.	Ólokið, en keypt var hraðavarljós og í ræsi fyrir undirgöng vestan Skaftafellsár, sem er á sama vegnúmeri.	5.975.785 kr.
1-z1	Hringvegur á Skeiðarársandi.	Klára frágang á ræsum sem sett voru niður 2021.	Kláraður frágangur og lagað við ræsi.	477.707 kr.
93-01	Seyðisfjarðarvegur utan við Eyvindarárbrú.	Hugmynd að plani yrði mokað burtu. Setja efni í staðinn við hlið vegar fyrir göngustíg sem liggur frá planinu við Selskóg.	Bílastæði utan í krappri beygju fjarlæggt og hluti af efninu sett í fyrirhugaðan göngustíg meðfram vegi og fláar lagaðir við vegamót 93/94.	1.766.334 kr.
93-04	Seyðisfjarðarvegur í bænum.		Hluti framkvæmda við veg 952-01.	12.902 kr.
95-01	Skriðdals- og Breiðdalsv. á Egilsstöðum.	Buldurpelir.	Minniháttar undirbúningur.	6.652 kr.
98-01	Djúpavogsvegur, innkoma í bæinn.	Bæta lýsingu við gönguþveranir tvö, þrjú (máluð) og fjögur. Grafa þarf niður þrjá staura sem keyptir voru á síðasta ári en eftir er að kaupa ljóskerin. Einnig þarf að laga merkingar, samspil hraðskilta og þéttbýlismarkis.	Ljósker og ljósastaurar undirbúnir til uppsetningar. Merkingar á gangbraut við kjörbúð ásamt yfirborðsmerkingum. Ekki fékkst verktaki í framkvæmd fyrr en að frost hamlaði framkvæmd.	359.248 kr.
925-04	Hróarstunguvegur á móts við Hringveginn.	Þarna á eftir að klára yfirborðsmerkingu og eftir að bræða þverrendur.	Keypt merki til að setja upp við vegamót.	87.039 kr.
931-08	Upphéraðsvegur við Hallormsstað.	Koma fyrir hraðavarljósum um þéttbýlið í Hallormsstaðaskógi, í stíl við það sem gert hefur verið um Eiða.	Keypt og sett upp tvö hraðavarljós í Hallormsstað.	1.738.969 kr.
939-02	Axarvegur.	Setja upp meira af skiltum um leiðbeinandi hraða. Beygjuörvar voru þegar komnar í slysabeygjur en einhverju má bæta við.	Farið yfir merki og stefnuörvum fjölgað beggja vegna við þær stefnuörvar sem voru fyrir. Bil milli stika þétt á stöðum þar sem það var talið auka á sýnileika	5.380.523 kr.

			beygja. Allar stefnuörvar færðar aðeins hærra til að auka sýnileika.	
952-01	Hánefsstaðavegur á Seyðisfirði.	Setja upp lýsingu við gangbraut á Hánefsstaðavegi, þar sem gengið er yfir veginn frá matvöruversluninni að Öldunni.	Keyptir ljósastaurar, ljósker og hellur í upphækkun (þverun) ásamt einu hraðavara ljósi.	2.779.889 kr.
998-01	Skaftafellsvegur.	Setja umferðareyju með stikum og boðmerkjum sem hraðahindrandi aðgerð og bæta við yfirborðsmerkingum. Kaupa jafnvel 2 hraðaviðvörðunarskilti ef afgangur verður.	Framkvæmt skv. áætlun en skiltin voru ekki keyptar.	1.296.744 kr.
	Þjónustustöð Fellabær (592).	Ýmsar aðgerðir.	Hreinsaðir stakir stórir steinar úr vegfláum/svæði.	125.965 kr.
	Þjónustustöð Reyðarfj. (593).	Ýmsar aðgerðir.	Merki sett upp við Mjóafjarðarvegamót.	401.185 kr.
	Þjónustustöð Höfn (594).	Ýmsar aðgerðir.	Hreinsaðir stakir stórir steinar úr vegfláum/svæði.	1.027.201 kr.
	Hönnun og umsjón/eftirlit.	Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.		11.898.998 kr.
			Austursvæði – Umferðaröryggisaðg. 2022:	41.365.319 kr.

